

# Lyfjanefnd Landspítala

Fundargerð nr.: 2/2024

**Fundarstaður:** Engey, Eiríksstöðum og Teams

**Fundartími:** 7. febrúar 2024, kl. 14:30

## Viðstödd:

*Aðalmenn*

Hlíf Steingrimsdóttir, Arnþrúður Jónsdóttir, Gerður Gröndal, Gerður Beta Jóhannsdóttir, Pétur S Gunnarsson og Örvar Gunnarsson

*Varamenn*

Eva Ágústsdóttir, Sif Sumarliðadóttir og Signý Vala Sveinsdóttir

*Starfsmenn*

Guðrún Björg Elíasdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð

**Fjarverandi:** Anna María Þórðardóttir, Guðríður K Þórðardóttir, Guðrún I Gylfadóttir, Gylfi Óskarsson og Ragnar Grímur Bjarnason

**Gestur:** Óskar Þór Jóhannsson

## 1) Hæfi fundarmanna

Hæfi fundarmanna við afgreiðslu mála kannað. Fundarmenn telja sig hæfa um að fjalla um mál sem eru á dagskrá fundarins.

## 2) Fundargerð nr. 1/2024

Fundargerðin samþykkt

## 3) Sjúkratilfelli

*Um fjöllun ekki birt*

ÖG vikur af fundi kl. 15:10

## 4) Umsögn um greiðsluþátttöku

Anifrolumab (Saphnelo) – nýtt lyf

Óskað er eftir umsögn lyfjanefndar um greiðsluþátttöku fyrir lyfið anifrolumab (Saphnelo) sem ætlað er sem viðbótarmeðferð hjá fullorðnum sjúklingum með meðalsvæsna til svæsna, virka sjálfsmótefnajákvæða rauða úlfa (SLE), þrátt fyrir hefðbundna meðferð.

Gert er ráð fyrir að sjö sjúklingar fái meðferð á næstu þremur árum. Lyfið er notað á sömu ábendingu og belimumab (Benlysta) en lyfin verða þó ekki lögð klínískt að jöfnu þar sem aukaverkanir lyfjana eru ólíkar, t.a.m. er hætta á H zoster endurvakningu við meðferð með anifrolumab. Lyfið verður því notað þegar belimumab þolist ekki eða gagnast ekki og því er ekki um kostnaðarauka að ræða.

Greiðsluþátttaka hefur verið samþykkt í Svíþjóð, Noregi og Danmörku.

*Mælt er með því að greiðsluþátttaka verði samþykkt*

**5) Lyfjagjafir án fyrirmæla á bráðamóttöku**

Málið var áður rætt á fundi nr. 20/2023 en frestað og óskað eftir því að hámarksskömmtum á sólarhring yrði bætt við þar sem við á. Það hefur nú verið gert og málið því tekið upp að nýju.

Uppfærð drög að gæðaskjali um lyfjagjafir án fyrirmæla fyrir börn og fullorðna á bráðamóttöku eru lögð fyrir í samræmi við verklagsreglur lyfjanefndar um lyfjagjafir án fyrirmæla, þar sem gerð er krafa um að lyfjanefnd samþykki slíka lista.

*Ekki eru gerðar athugasemdir og gæðaskjalið telst því samþykkt*

**6) Umsögn um leyfisskyldu**

*Lyfjanefnd mun óska eftir leyfisskyldu fyrir eftirfarandi lyf:  
Larotrectinib (Vitrakvi)*

**7) Önnur mál**

*Fundi slitið kl. 15:27*